

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

a. 8. mgr. orðast svo í heild sinni:

Ef fleiri en 20 umsækjendur uppfylla inntökuskilyrðin mun val nemenda taka mið af námsárangri í fyrra námi og innsendum gögnum umsækjanda.

b. Orðið „þremur“ í 9. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Háskóla Íslands, 13. janúar 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.